

Fjármálaeftirlitið  
Höfðatún 2,  
105 Reykjavík.

Reykjavík, 5. júní 2012

### Efni: Ósk um tölulegar upplýsingar í tengslum við fjármögnunarleigusamninga Lýsingar

Félagi atvinnurekenda hafa borist fjöldamargar kvartanir vegna starfshátta fjármálafyrirtækisins Lýsingar í tengslum við eina af fjármögnunarleiðum þess, þ.e. fjármögnunarleigusamninga. Í öllum tilfellum er umkvörtunarefnið það að Lýsing vilji ekki viðurkenna endurkauparétt viðskiptavina sinna þrátt fyrir að um hann hafi verið samið þó það hafi í mörgum tilfellum ekki verið gert skriflega. Komu þessi sinnaskipti upp eftir að deilur tóku að rísa um skilin á milli leigusamninga annars vegar og lánsamninga hins vegar. Eftir þann tíma tók Lýsing uppá því að þræta fyrir framangreinda skuldbindingu. Ljóst er þeir aðilar sem sóttu fjármögnun til Lýsingar gerðu það með það fyrir sjónum að kaupréttur væri á samningsandlaginu. Þessi skilningur er staðfestur á heimasíðu Lýsingar, í kvittunum og gögnum viðskiptavina þeirra og í langri framkvæmd fyrirtækisins í þá veru. Þá styðst það við ákveðin eðlisrök að lántaki ætli sér ekki að greiða lánsandlagið að fullu með vöxtum og gjöldum án þess að eignast það. Framangreind háttsemi Lýsingar er að mati FA ólögæt, hún er í andstöðu við samningsskuldbindingar félagsins auk þess m.a. að vera í andstöðu við 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Í ljósi framangreindra sinnaskipta Lýsingar hefur komið upp óvissa meðal viðskiptavina um gildi þess samkomulags sem var gert um leiguandlagið í lok leigutímans.

Vegna þeirrar óvissu sem nú ríkir óskar Félag atvinnurekenda eftir því að Fjármálaeftirlitið, svari eftirfarandi spurningum, á grundvelli 1. mgr. 107. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 1. mgr. 3. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996 :

- 1) Hversu marga fjármögnunarleigusamninga gerði Lýsing frá 2006 til 2011?
- 2) Hversu marga fjármögnunarleigusamninga gerði Lýsing frá 2006 til 2011 þar sem viðskiptavinur keypti leiguandlagið í lok leigutímans?
- 3) Hversu marga fjármögnunarleigusamninga gerði Lýsing frá 2006 til 2011 þar sem viðskiptavinur áframleigði leiguandlagið í lok leigutímans?
- 4) Hversu marga fjármögnunarleigusamninga gerði Lýsing frá 2006 til 2011 þar sem viðskiptavinur neytti hvorki kaupréttar né leiguréttar í lok leigutímans?
- 5) Hversu marga fjármögnunarleigusamninga gerði Lýsing frá 2006 til 2011 þar sem finna mátti ákvæði um kauprétt í skriflega hluta samningsins?
- 6) Hversu marga fjármögnunarleigusamninga gerði Lýsing frá 2006 til 2011 sem voru vanefndir af hálfu viðskiptavinar?

Beiðnin lýtur að málefni sem einangrast ekki við eitt fjármálafyrirtæki heldur nær til allra þeirra fyrirtækja sem hafa boðið upp á fjármögnunarleigusamninga. Ef Fjármálaeftirlitið telur hins vegar ekki fært að veita slíkar upplýsingar um eitt tiltekið fjármálafyrirtæki er þess krafist að sambærilegar upplýsingar séu veittar um markaðinn í heild.

Þess er óskað að gögn verði send undirrituðum innan 7 daga í samræmi við 11. gr. l. nr. 50/1996. Ef nánari upplýsinga er þörf, vinsamlegast hafið samband við undirritaðan í síma 588-8910, eða í gegnum tölvupóst: [almar@atvinnurekendur.is](mailto:almar@atvinnurekendur.is)

Virðingarfyllst,



Almar Guðmundsson  
framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda

